



Velferðarráðuneytið
postur@vel.is

Sent inn á Samráðsgátt

Reykjavík, 19. desember 2018

Efni: Umsögn um Heilbrigðisstefnu; Stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030, mál nr. S-241/2018

Eitt af meginmarkmiðum heilbrigðisstefnu og innleiðingar hennar ætti að vera skýr forgangsröðun, áhersla á nýsköpun í heilbrigðiskerfinu og sveigjanleiki í þjónustukaupum ríkisins á sviði heilbrigðismála. Samtök iðnaðarins (SI) fagna mjög vinnu og stefnumótun í þessum mikilvæga málaflokki sem og áherslu á framangreinda þætti í drögum þeim sem um ræðir.

Vel ígrunduð heilbrigðisstefna getur skapað mikil verðmæti og samkeppnisforskot fyrir Ísland. Í því felst að nýsköpun á grundvelli rannsókna og þróunar í heilbrigðisvísindum sé í brennidepli og fagna SI því að í stefnunni sé sérstaklega tekið fram að aukin tækifæri felist í tækninýjungum sem nýst geti á sviði heilbrigðisþjónustu. SI leggja áherslu á að við mótun heilbrigðisstefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 verði tryggt með enn skýrari hætti að áhersla verði lögð á nýsköpun á grundvelli rannsókna og þróunar í heilbrigðiskerfinu.


Framundan eru margvíslegar áskoranir í velferðarmálum sem snúa meðal annars að öldrun þjóða, en dregið hefur úr fæðingartíðni og meðalaldur fer hækkandi. Til að mæta þessum samfélagsbreytingum hafa ýmis ríki lagt mikla áherslu á nýsköpun í velferðar-, heilbrigðis- og líftækni. Á Íslandi hefur þessi iðnaður vaxið á síðustu árum, en hvatar fyrirtækja á sviði heilbrigðis- og líftækni til að stunda rannsóknir, þróun og nýsköpun byggja meðal annars á væntingum um framtíðararð. Á grundvelli slíkra rannsókna og nýsköpunar mun iðnaðurinn leysa framtíðaráskoranir sem snúa að lýðfræðilegum breytingum. SI hvetja velferðarráðuneytið til að hafa þetta í huga við mótun stefnu í heilbrigðismálum.

Skapa þarf klínískum rannsóknum og meðferðarrannsóknum skilyrði til öflugs samstarfs við innlend og erlend lyfja- og rannsóknafyrirtæki. Einnig er mikilvægt að fyrirliggjandi stefna miði að því með skýrum hætti að hagnýta þekkingu til uppbyggingar rannsókna á sviði heilbrigðisvísinda þar sem sérstök áhersla verði lögð á að nýta einstæða stöðu fámennrar þjóðar og hagnýta gögn í heilbrigðiskerfinu til rannsókna og nýsköpunar. Jafnframt er mikilvægt að mótun stefnu um varðveislu og notkun heilbrigðisgagnagrunna og lífsýnasafna í þágu rannsókna sé sett í forgang.



SI leggja áherslu á að atvinnulífið hafi aðkomu að eftirfylgni stefnunnar en það er nauðsynlegt að líta til sjónarmiða atvinnulífs eigi meginmarkmið íslenskrar heilbrigðislöggjafar að ná fram að ganga um að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til að vernda andlega, líkamlega og félagslega heilsu fólks.

Virðingarfyllt,



Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri hugverkasviðs